

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/819****2021/EES/55/06****frá 1. febrúar 2019****um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 346/2013 að því er varðar
hagsmunaárekstra, mat á félagslegum áhrifum og upplýsingar til fjárfesta á sviði evrópskra
félagslegra framtakssjóða (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 346/2013 frá 17. apríl 2013 um evrópska félagslega framtakssjóði ⁽¹⁾, einkum 9. gr. (5. mgr.), 10. gr. (2. mgr.) og 14 gr. (4. mgr.),*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Rekstraraðilar viðurkenndra félagslegra framtakssjóða ættu að samþykkja verklag og ráðstafanir til að tryggja að aðilar sem stunda slíka atvinnustarfsemi stundi hana með hagsmuni viðurkenndra félagslegra framtakssjóða og fjárfesta þeirra að leiðarljósi. Til að ná samræmingu fjárfestaverndar í Sambandinu og gera þessum rekstraraðilum kleift að tileinka sér og fylgja samræmdum og árangursríkum aðferðum til að koma í veg fyrir, fylgjast með og stýra hagsmunaárekstrum ætti að telja upp lágmarksaðgerðir í stefnu þeirra um hagsmunaárekstra. Aðlaga ætti stefnurnar um hagsmunaárekstra að eðli, stærð og flækjustigi starfsemi rekstraraðilanna til að forðast óþarfa rekstrarlegt álag en á sama tíma tryggja viðeigandi fjárfestingarvernd.
- 2) Verklag og ráðstafanir sem eru settar fram í stefnum um hagsmunaárekstra geta reynst ófullnægjandi til að vernda hagsmuni viðurkennds félagslegs framtakssjóðs eða fjárfesta hans en í slíkum tilvikum ættu rekstraraðilar viðurkenndra félagslegra framtakssjóða að grípa til nauðsynlegra viðbótaraðgerða til að vernda þessa hagsmuni. Þær aðgerðir ættu að fela í sér að upplýsa framkvæmdastjórn eða aðra til þess bæra innri aðila hjá viðurkenndum félagslegum framtakssjóði og taka ákvarðanir eða grípa til aðgerða sem eru nauðsynlegar til að starfa með hagsmuni viðurkennds félagslegs framtakssjóðs eða fjárfesta hans að leiðarljósi.
- 3) Rekstraraðilar viðurkenndra félagslegra framtakssjóða geta verið virkir í rekstri fyrirtækja sem viðurkenndu félagslegu framtakssjóðirnir fjárfesta í. Til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og til að tryggja að atkvæðisréttur þessara rekstraraðila sé nýttur bæði í þágu hlutaðeigandi viðurkennds félagslegs framtakssjóðs og fjárfesta hans er nauðsynlegt að tilgreina ítarlegar kröfur í tengslum við nýtingu þessa atkvæðisréttar. Til að tryggja næg gæði fjárfestaverndar ættu rekstraraðilar viðurkenndra félagslegra framtakssjóða að þróa fullnægjandi og árangursríkar áætlanir í þeim efnum og leggja fram, sé þess óskað, yfirlit yfir þessar áætlanir og þær aðgerðir sem þeir hafa gripið til.
- 4) Til að tryggja skilvirkni upplýsingagjafar um hagsmunaárekstra ætti að uppfæra þær upplýsingar sem veittar eru með reglubundnum hætti. Í ljósi innbyggðrar áhættu við notkun vefsíðu sem verkfæris til að veita upplýsingar um hagsmunaárekstra er nauðsynlegt að mæla fyrir um viðmiðanir um birtingu þeirra upplýsinga.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2019, ESB L 134, 22.5.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2020 frá 30. apríl 2020 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(¹) Stj. 2013, ESB L 115, 25.4.2013, bls. 18.

- 5) Til að tryggja samræmda nálgun er varðar aðferðir sem rekstraraðilar viðurkenndra félagslegra framtakssjóða nota til að mæla jákvæð félagsleg áhrif sem fjárfestingarhæf fyrirtæki ná ætti að fella sérstaka þætti inn í þær aðferðir. Tilföng sem fjárfestingarhæfu fyrirtækin nota og einnig vörur og þjónusta sem fyrirtæki þessi bjóða upp á eru lykilvísar að jákvæðum félagslegum áhrifum og ættu því að vera óaðskiljanlegur hluti af þessum aðferðum. Mat á þeim árangri sem fjárfestingarhæf fyrirtæki skila ætti einnig að vera hluti af þessum aðferðum til að greina félagsleg fyrirtæki frá fyrirtækjum sem ná félagslegum markmiðum aðeins stöku sinnum.
- 6) Tryggja ætti að upplýsingar, sem veittar eru fjárfestum áður en samningur er gerður, innihaldi nægar upplýsingar um viðurkennda félagslega framtakssjóðinn. Lýsingin á fjárfestingaráætlun og markmiðum viðurkennds félagslegs framtakssjóðs ætti því að innihalda lýsingar á þeim félagslegu geirum, landfræðilegu svæðum og rekstrarformi þeirra fjárfestingarhæfu fyrirtækja sem viðurkenndur félagslegur framtakssjóður hyggst fjárfesta í, ásamt upplýsingum um dreifingu hagnaðar þessara fyrirtækja.
- 7) Fjárfestar ættu að fá afhentar nauðsynlegar upplýsingar til að meta undirliggjandi aðferðafræði sem rekstraraðili viðurkennds félagslegs framtakssjóðs notar til að mæla félagsleg áhrif. Í upplýsingunum sem eru veittar áður en samningur er gerður ætti því að tilgreina hvort rekstraraðili viðurkennds félagslegs framtakssjóðs treysti á innri aðferðafræði eða noti almennt viðurkennda aðferðafræði. Upplýsingar sem eru veittar áður en samningur er gerður ættu einnig að innihalda lýsingu á helstu eiginleikum aðferðafræðinnar, þ.m.t. viðmiðum um mat, viðeigandi vísam og útskýringu á því hvernig rekstraraðili viðurkennda félagslega framtakssjóðsins tryggi að farið sé eftir þeirri aðferðafræði.
- 8) Fjárfestar ættu að geta sannreynt hvort rekstraraðili viðurkennds félagslegs framtakssjóðs fylgi fjárfestingarstefnunni við val á óhæfum eignum. Upplýsingar sem eru veittar áður en samningur er gerður ættu því að fela í sér upplýsingar um þær tegundir óhæfra eigna sem viðurkenndur félagslegur framtakssjóður fjárfestir í, fjárfestingaraðferðir, viðeigandi takmarkanir og atvinnugreininna og landsvæðið þar sem þessar fjárfestingar eru gerðar.
- 9) Vegna gagnsæis ætti að veita fjárfestum nauðsynlegar upplýsingar til að meta eðli og umfang viðskiptaþjónustu og annarrar stuðningsþjónustu sem rekstraraðili viðurkennda félagslega framtakssjóðsins veitir eða skipuleggur fyrir milligöngu þriðja aðila. Upplýsingar sem eru veittar áður en samningur er gerður um viðskiptaþjónustu og aðra stuðningsþjónustu ættu því að lýsa þeim tegundum þjónustu og starfsemi sem hann lætur í té.
- 10) Fresta ætti gildistöku þessarar reglugerðar um sex mánuði til að gera rekstraraðilum viðurkenndra félagslegra framtakssjóða kleift að aðlagast nýjum kröfum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Tegundir hagsmunaárekstra

Að því er varðar 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 346/2013 skulu tegundir hagsmunaárekstra vera aðstæður þar sem rekstraraðili viðurkennds félagslegs framtakssjóðs, aðili sem í reynd stýrir starfsemi viðkomandi rekstraraðila, starfsmaður eða hver sá aðili sem beint eða óbeint ræður yfir eða er undir stjórn viðkomandi rekstraraðila, annars viðurkennds félagslegs framtakssjóðs eða sjóðs um sameiginlega fjárfestingu, þ.m.t. verðbréfasjóðs, sem rekinn er af sama rekstraraðila eða fjárfestir hans:

- a) er líklegur til að hagnast fjárhagslega, eða koma í veg fyrir fjárhagslegt tap, á kostnað hins viðurkennda félagslega framtakssjóðs eða fjárfesta hans,
- b) hefur hagsmuni af afrakstri þjónustu eða starfsemi sem er veitt viðurkenndum félagslegum framtakssjóði eða fjárfestum hans og eru frábrugðnir hagsmunum viðurkennda félagslega framtakssjóðsins eða fjárfesta hans,
- c) hefur hagsmuni af afrakstri viðskipta sem framkvæmd eru fyrir hönd viðurkennds félagslegs framtakssjóðs eða fjárfesta hans og eru frábrugðnir hagsmunum viðurkennda félagslega framtakssjóðsins eða fjárfesta hans,

- d) hefur fjárhagslegan eða annan hvata til að hygla:
- i. hagsmunum fjárfestis, hóps fjárfesta eða annars sjóðs um sameiginlega fjárfestingu, þ.m.t. verðbréfasjóðs, fram yfir hagsmuni viðurkennda félagslega framtakssjóðsins eða fjárfesta hans,
 - ii. hagsmunum eins fjárfestis í viðurkenndum félagslegum framtakssjóði fram yfir hagsmuni annars fjárfestis eða hóps fjárfesta í þeim sjóði,
- e) sinnir sömu starfsemi fyrir viðurkenndan félagslegan framtakssjóð, annan sjóð um sameiginlega fjárfestingu, þ.m.t. verðbréfasjóð, eða fjárfesti,
- f) greiðir eða fær greidda þóknun eða umboðslaun eða afhendir eða fær afhentan ópeningalegan ávinning, annan en þann sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 24. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2013 ⁽²⁾,
- g) hefur áhrif á og persónulega hagsmuni af því að hafa áhrif á þróun fjárfestingarhæfs fyrirtækis í óhag fyrir viðurkenndan félagslegan framtakssjóð eða fjárfesta hans eða á kostnað þess að markmiðum viðurkennds félagslegs framtakssjóðs verði náð.

2. gr.

Stefna um hagsmunaárekstra

1. Rekstraraðili viðurkennds félagslegs framtakssjóðs skal koma á fót, framkvæma og viðhalda skriflegri stefnu um hagsmunaárekstra sem er viðeigandi m.t.t. stærðar og stjórnskipulags þess rekstraraðila í ljósi eðlis, stærðar og flækjustigs starfsemi hans.
2. Í stefnunni um hagsmunaárekstra sem vísað er til í 1. mgr. skal, í samræmi við 1. gr., greina þær aðstæður sem geta haft í för með sér hagsmunaárekstur og tilgreina þær ráðstafanir sem gera skal og það verklag sem fylgja ber á áframhaldandi grundvelli.

3. gr.

Verklag og ráðstafanir til að koma í veg fyrir, stýra og hafa eftirlit með hagsmunaárekstrum

Ráðstafanirnar sem gera skal og verklagið sem fylgja ber eins og um getur í 2. mgr. 2. gr., skulu a.m.k. fela í sér eftirfarandi aðgerðir:

- a) að banna upplýsingaskipti milli þeirra einstaklinga eða aðila sem um getur í 1. gr. þar sem slík upplýsingaskipti gætu leitt til eða greitt fyrir hagsmunaárekstri,
- b) að aðgreina eftirlit með einstaklingum eða aðilum sem um getur í 1. gr. sem eiga hagsmuni sem gætu stangast á,
- c) að afnema tengsl eða hæði milli launakjara einstaklinga eða aðila, sem um getur í 1. gr. og sinna einkum störfum á einu tilteknu verksviði, og launakjara, eða tekna sem aflað er af hálfu, einstaklinga eða aðila sem sinna einkum störfum á öðrum verksviðum, þegar hagsmunaárekstur gæti komið fram í tengslum við þessi verksvið,
- d) að koma í veg fyrir að einstaklingar eða aðilar sem um getur í 1. gr. hafi óviðeigandi áhrif á rekstur viðurkennds félagslegs framtakssjóðs,
- e) að koma í veg fyrir eða hafa stjórn á þátttöku einstaklinga eða aðila sem um getur í 1. gr. í starfsemi sem gæti leitt til hagsmunaárekstra.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2013 frá 19. desember 2012 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB að því er varðar undanþágur, almenn rekstrarskilyrði, vörsluaðila, vogun, gagnsæi og eftirlit (Stjtíð. ESB L 83, 22.3.2013, bls. 1).

*4. gr.***Stýring afleiðinga hagsmunaárekstra**

Ef ráðstafanir og verklag, sem eru settar fram í stefnu um hagsmunaárekstra skv. 2. mgr. 2. gr. og 3. gr., nægja ekki til að koma í veg fyrir, svo að fullnægjandi þyki, hættuna á að skaða hagsmuni viðurkennds félagslegs framtakssjóðs eða fjárfesta hans skulu rekstraraðilar viðurkennds félagslegs framtakssjóðs grípa til eftirfarandi ráðstafana:

- a) tilkynna tafarlaust framkvæmdastjórn hans eða öðrum til þess bærum innri aðilum, eða yfirstjórn eða öðrum til þess bærum innri aðila viðurkennds félagslegs framtakssjóðs um hættuna á að hagsmunir þess sjóðs eða fjárfesta hans geti skaðast,
- b) taka ákvarðanir eða grípa til aðgerða í því skyni að tryggja að þeir starfi með hagsmuni viðurkennda félagslega framtakssjóðsins eða fjárfesta hans að leiðarljósi.

*5. gr.***Áætlanir um að nýta atkvæðisrétt til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra**

1. Rekstraraðilar viðurkenndra félagslegra framtakssjóða skulu þróa, á skriflegan hátt, fullnægjandi og árangursríkar áætlanir til að ákvarða hvenær og hvernig eigi að nýta atkvæðisrétt í eignasafni viðurkennds félagslegs framtakssjóðs í þágu hlutaðeigandi viðurkennds félagslegs framtakssjóðs og fjárfesta hans.

2. Áætlanirnar sem um getur í 1. mgr. skulu ákvarða ráðstafanirnar sem skal gera og verklagið sem skal fylgja og skulu innihalda a.m.k. eftirfarandi aðgerðir:

- a) eftirlit með viðeigandi fyrirtækjaaðgerðum,
- b) að tryggja að nýting atkvæðisréttar sé í samræmi við fjárfestingarmarkmið og -stefnu viðurkennda félagslega framtakssjóðsins,
- c) að koma í veg fyrir og stýra hagsmunaárekstrum sem koma til af nýtingu þessa atkvæðisréttar.

3. Rekstraraðilar viðurkenndra félagslegra framtakssjóða skulu, sé þess óskað, veita fjárfestum stutta lýsingu á áætlunum sem um getur í 1. og 2. mgr. og ítarlegar upplýsingar um aðgerðirnar sem gripið er til samkvæmt þessum áætlunum.

*6. gr.***Upplýsingagjöf um hagsmunaárekstra**

1. Rekstraraðilar viðurkenndra félagslegra framtakssjóða skulu veita upplýsingarnar sem um getur í 4. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 346/2013 á varanlegum miðli eins og um getur í m-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB⁽³⁾ og halda þeim upplýsingum uppfærðum.

2. Rekstraraðilar viðurkenndra félagslegra framtakssjóða geta veitt upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. á vefsetri án þess að beina þeim upplýsingum persónulega til fjárfestisins, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) að viðskiptavininum hafi verið tilkynnt um veffang vefsetursins og hvar á vefsetrinu sé hægt að nálgast upplýsingarnar,
- b) að viðskiptavinirnir hafi samþykkt að upplýsingar þessar séu veittar á vefsetri,
- c) að ávallt sé unnt að nálgast upplýsingarnar á vefsetrinu í þann tíma sem eðlilegt er að viðskiptavinirnir gætu þurft að nálgast þær.

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbrefasjóði (UCITS) (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).

*7. gr.***Aðferðir til að mæla jákvæð félagsleg áhrif**

1. Rekstraraðilar viðurkenndra félagslegra framtakssjóða skulu tryggja að aðferðirnar sem um getur í 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 346/2013 feli í sér a.m.k. eftirfarandi:

- a) mat á tilföngum sem fjárfestingarhæf fyrirtæki nota,
- b) mat á vörum og þjónustu sem fjárfestingarhæf fyrirtæki bjóða upp á,
- c) mat á árangri sem eignaður er starfsemi fjárfestingarhæfra fyrirtækja.

Að því er varðar c-lið fyrstu undirgreinar skal árangur sem hefði komið til hvort er og árangur sem eignaður er þriðju aðilum ekki vera eignaður starfsemi fjárfestingarhæfra fyrirtækja.

2. Gögn sem styðja matið sem um getur í 1. mgr. skulu sæta endurskoðun í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 346/2013.

*8. gr.***Lýsing á fjárfestingaráætlun og -markmiðum**

1. Upplýsingarnar, sem um getur í i. lið c-liðar 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 346/2013, skulu a.m.k. innihalda eftirfarandi:

- a) félagslega geirann eða geirana sem fjárfestingarhæfu fyrirtækin starfa í,
- b) landfræðilega svæðið þar sem fjárfestingarhæfu fyrirtækin starfa,
- c) rekstrarform fjárfestingarhæfu fyrirtækjanna,
- d) ítarlega lýsingu á dreifingu hagnaðar fjárfestingarhæfu fyrirtækjanna.

2. Upplýsingarnar sem um getur í ii. og iii. lið c-liðar 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 346/2013 skulu að lágmarki innihalda upplýsingar um fjárfestingarsnið hins viðurkennda félagslega framtakssjóðsins og upplýsingarnar sem viðurkenndi félagslegi framtakssjóðurinn lætur í té í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar.

3. Upplýsingarnar sem um getur í iv. lið c-liðar 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 346/2013 skulu að lágmarki innihalda upplýsingar um tegundir eigna sem viðurkenndur félagslegur framtakssjóður fjárfestir í.

4. Upplýsingarnar sem um getur í v. lið c-liðar 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 346/2013 skulu að lágmarki innihalda upplýsingar um hvort aðferðirnar taki til hlutabréfagerninga, ígildis hlutabréfagerninga, verðbréfaðra eða óverðbréfaðra skuldagerninga, tryggðra eða ótryggðra lána eða annarra tegunda hlutdeildar í fjárfestingarhæfum fyrirtækjum.

5. Upplýsingarnar sem um getur í vi. lið c-liðar 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 346/2013 skulu að lágmarki innihalda upplýsingar um hvort fjárfestingaráætlun viðurkennds félagslegs framtakssjóðs feli í sér einhverjar takmarkanir á fjárfestingum, með tilliti til atvinnugreina, starfsemi, landfræðilegra svæða, fjárfestingarprósentu eða -marka, eða aðrar takmarkanir.

*9. gr.***Upplýsingar um jákvæð félagsleg áhrif**

1. Upplýsingarnar sem um getur í d-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 346/2013 skulu tilgreina þá vöru og þjónustu sem fjárfestingarhæf fyrirtæki, sem viðurkenndur félagslegur framtakssjóður fjárfestir í, eiga að veita.

2. Þegar upplýsingarnar sem um getur í d-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 346/2013 hafa að geyma upplýsingar um spár um jákvæð félagsleg áhrif skulu þær lýsa forsendunum sem liggja til grundvallar þeirri spá.

3. Þegar upplýsingarnar sem um getur í d-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 346/2013 hafa að geyma upplýsingar um fyrri frammistöðu með tilliti til jákvæðra félagslegra áhrifa skulu þær innihalda afrit af síðustu ársskýrslu eða samantekt viðeigandi upplýsinga úr ársskýrslunni sem um getur í 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 346/2013.

10. gr.

Upplýsingar um aðferðafræði sem notuð er til að mæla félagsleg áhrif

Upplýsingarnar sem um getur í e-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 346/2013 skulu að lágmarki innihalda eftirfarandi:

- a) yfirlýsingu um hvort félagsleg áhrif séu mæld á grundvelli innri aðferðafræði eða annarrar almennt viðurkenndrar aðferðafræði,
- b) lýsingu á helstu þáttum aðferðafræðinnar, þ.m.t. viðmiðum um mat og viðeigandi vísur sem eru notaðir til að mæla félagsleg áhrif.

11. gr.

Lýsing á óhæfum eignum

Upplýsingarnar sem um getur í f-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 346/2013 skulu að lágmarki innihalda lýsingu á öllum eftirfarandi atriðum:

- a) fjárfestingaaðferðum og viðeigandi fjárfestingartakmörkunum,
- b) athafnasviði eða athafnasviðum óhæfra fjárfestingarfyrirtækja,
- c) landfræðilega svæðinu þar sem óhæf fjárfestingarfyrirtæki starfa,
- d) viðmiðunum sem nota á við val á tegundum eigna.

12. gr.

Upplýsingar um stuðningsþjónustu

Upplýsingarnar sem um getur í l-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 346/2013 skulu að lágmarki innihalda:

- a) lýsingu á tegundum viðskiptaþjónustu og annarrar stuðningsþjónustu,
- b) upplýsingar um hvort viðskiptaþjónusta og önnur stuðningsþjónusta sé veitt af þriðju aðilum.

13. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 11. desember 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
